

## Fundargerð 29. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 1. apríl 2015  
**Fundartími:** 17:00 – 19:45  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Helgi Sigurðsson 2. varamaður sveitarstjórnar  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri  
Anna Gréta Ólafsdóttir skólastjóri Flóaskóla undir lið 1.

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

### *Dagskrá:*

#### **1. Flóaskóli – skipulag húsnæðis – miðjan.**

Anna Gréta Ólafsdóttir skólastjóri mætti til fundar og afhenti sveitarstjórn skýrslu vegna fjárhagsáætlunar Flóaskóla fjárhagsárið 2014. Farið var yfir hugmyndir um breytingar á skólalúsnæði með það að markmiði að skapa skemmtilegan skólabrag. Sveitarstjórn leggur til að málin verði skoðuð nánar áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar um breytingar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **2. Gamla Þingborg – drög að leigusamningi.**

Frestað á fundi 4. mars 2015.

Lögð fram drög að leigusamningi milli Flóahrepps kt. 600606-1310 sem leigusala og Þingborgar svf. kt. 500991-2089 sem leigutaka af hluta húsnæðis Gömlu Þingborgar. Um er að ræða 131 fm svæði, svið, sal, forstofuherbergi og kembihurbergi auk afnota að sameiginlegu rými.

Samningsdrögin samþykkt með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Flóahrepps.

#### **3. Aðalskipulag Flóahrepps - úrvinnsla tilboða í aðalskipulagsgerð.**

Frestað á fundi 4. mars.

Lögð fram innsend verðtilboð frá eftirtöldum fyrirtækjum ásamt fylgigögnum:

Alta ehf kr. 6.550.000.

Landmótun ehf kr. 6.950.000.

Landslagi ehf, kr 7.688.250 kr

Steinsholti sf kr. 6.500.000.

Allar tölur eru án VSK.

Farið yfir innsend tilboð og þau borin saman og rædd.

Lögð fram tillaga um að taka tilboði Steinsholts sf í verkið í heild sinni, að öllum verkþáttum meðtöldum.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Svanhvít Hermannsdóttir og Elín Höskuldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir vinnufundi með fulltrúa frá Steinsholti sf.  
Sveitarstjóra einnig falið að svara öllum tilboðsgjöfum.  
Bókunin er samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:45.

Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Helgi Sigurðsson 2. varamaður sveitarstjórnar  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri